



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 24. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

### 11. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 1. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Elvar Harðarson í forföllum Herberts Haukssonar, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Oddviti lagði fram dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liður nr. 23. Ósk um samþykki sveitarstjórnar vegna akstursþróttakeppni að Jaðri. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis. Tillagan samþykkt samhljóða.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

1. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 6. fundar frá 15. maí sl.**  
Lögð fram fundargerð 6. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

2. **Veitustjórn: Fundargerð 6. fundar frá 15. maí sl.**  
Lögð fram fundargerð 6. fundar Veitustjórnar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

3. **Fundargerð 261. fundar skipulagsnefndar frá 24. maí sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. maí sl.**  
Lögð fram fundargerð 261. fundar skipulagsnefndar frá 24. maí sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. maí sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

#### **Mál nr. 18. Miðfell 7: Lögbýlislóð og byggingarheimildir; Deiliskipulag.**

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag vegna landsins Miðfell 7 L234761 eftir auglýsingu. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir stofnun lögbýlis, ásamt byggingu íbúðarhúss, hesthúss og tengdra mannvirkja. Umsagnir bárust á auglýsingatíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum skipulagsgögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 19. Melakvísl 2: Skipting lóðar í a og b auk stækkunar; Melar og Hrafnkelsstaðir 2 lóð; Óveruleg deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram umsókn frá Guðjóni Birgissyni er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi Garðyrkjustöðvarinnar að Melum. Í breytingunni felst heimild fyrir uppskiptingu lóðar Melakvíslar 2 auk þess sem heildarstærð lóðarinnar er augin um 136,2 fm. Jafnframt breytast lóðamörk milli Hrafnkelsstaða 2 lóð L216611 og Mela L166840 vegna makaskipta. Einnig hliðrast áætlaður vegur vestan við gróðurhúsið örlítið til vesturs frá gróðurhúsunum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

*Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins aðrir en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.*

**Mál nr. 24. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. maí sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. maí sl.

**4. UTU bs.: Fundargerð 101. fundar stjórnar frá 24. maí sl.**

Lögð fram fundargerð 101. fundar stjórnar UTU bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**5. Oddvitanefnd uppsveita Árnassýslu: Fundgerð 2. fundar frá 11. janúar sl.**

Lögð fram fundargerð 2. fundar Oddvitanefndar uppsveita Árnassýslu.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**6. Oddvitanefnd uppsveita Árnassýslu: Fundgerð 3. fundar frá 19. apríl sl.**

Lögð fram fundargerð 3. fundar Oddvitanefndar uppsveita Árnassýslu.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar ásamt ársreikningi. Greiðsla til sveitarfélagsins vegna útgreiðslu úr sjóði nemur 8,7 m.kr. og mun verða tekið tillit til þeirrar greiðslu við gerð viðauka við fjárhagsáætlun.*

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**7. Héraðsnefnd Árneseinga bs.: Fundargerð 30. fundar frá 24. maí sl.**

Lögð fram fundargerð 30. fundar Héraðsnefndar Árneseinga bs.

*Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir fyrir sitt leyti að Héraðsnefnd Árneseinga taki húsnæðið að Hellismýri 8, Selfossi, á leigu fyrir Héraðsskjalasafn Árneseinga, með þeim áhrifum sem það hefur á fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafnsins til næstu ára, fái húsnæðið leigt. Á móti fellur út kostnaður við leigu í Ráðhúsi Árborgar og rekstrarkostnaður af Háheiði 9.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**8. Umsagnarbeiðni frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis frá 17. maí 2023.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr.112/2021 (lækkun kosningaaldurs), 497. mál.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 25. maí 2023.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 485. mál Samvinnuverkefni í samgönguframkvæmdum (samfélagsvegir).

*Lagt fram til kynningar.*

**10. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanni, rekstrarleyfi.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Kaffi-Sel ehf. um leyfi til reksturs veitinga í flokki II, Veitingaleyfi – C Veitingastofa og greiðasala.

*Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að rekstrarleyfið verði veitt og óskar eftir afriti af leyfinu.*

**11. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands frá 26. maí 2023.**

Lagt fram bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þar sem kynntar eru nýjar verklagsreglur um álímingar á einstaka númerslaus bílflök og aðra lausamuni á einkalóðum. Óskar embættið eftir samstarfi við sveitarfélögin um þetta verkefni með svipuðu sniði og verið hefur með fjarlægingu bílflaka af opnum svæðum. Einnig er kynnt ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2022.

*Erindið er lagt fram til kynningar um leið og sveitarstjórn hvetur íbúa til að taka til í sínu nærumhverfi.*

**12. Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands frá 22. maí 2023.**

Lagt fram bréf frá stjórn Skógræktarfélagi Íslands þar sem félagið varar við neikvæðum málflutningi andstæðinga skógræktar og lýsir sig reiðubúna til að veita upplýsingar og halda áfram að vinna með stjórnvöldum og sveitarfélögum landsins að því að klæða landið, gera það byggilegra og náttúruvænna með skipulagðri skógrækt. Þannig eigi náttúruleg fjölbreytni, gróska og grænir skógar á viðeigandi stöðum eftir að auka gildi Íslands fyrir íbúa þess og gestkomandi ferðamenn.

*Lagt fram til kynningar en einnig vísað til umhverfisnefndar.*

**13. Bréf frá Sigurði H. Magnússyni frá 18. maí 2023.**

Lagt fram bréf frá Sigurði H. Magnússyni varðandi aspir sem plantað hefur verið meðfram vegum.

*Sveitarstjórn þakkar bréfitara erindið og vísar því til umfjöllunar í umhverfisnefnd.*

**14. Bréf frá Ólafi B. Blöndal frá 22. maí 2023.**

Lagt fram bréf frá Ólafi B. Blöndal þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar vegna umsóknar um lögbýli á Ásatúnsvallarland.

*Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til umfjöllunar hjá Skipulagsnefnd.*

**15. Bréf frá Orlofi húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu frá 15. maí 2023.**

Lagt fram bréf frá Orlofi húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu með árlegri skýrslu um starfsemi félagsins ásamt ársreikning fyrir árið 2022 og yfirliti yfir greiðslu allra sveitarfélaga sem greiða skulu í Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu.

*Lagt fram til kynningar.*

**16. Samningar um nýtingu beitarhólfa.**

Lagður fram samningur við umráðaaðila fasteignarinnar að Högnastaðamýri 4 um nýtingu beitarhólfs á svæðinu.

*Sveitarstjórn samþykkir samninginn og heimilar jafnframt að öðrum sem aðstöðu hafa í hesthúsi á sama stað verði boðin nýting beitarhólfs á svæðinu með sama hætti.*

**17. Atvinnumálastefna Uppsveitanna - lokadrög til samþykktar hjá sveitarstjórnnum.**

Lögð fram lokadrög að Atvinnumálastefnu Uppsveitanna til samþykktar hjá sveitarstjórnnum.

Sveitarstjórn fagnar þeirri metnaðarfullu og góðu vinnu sem fram hefur farið við gerð Atvinnumálastefnu Uppsveita fyrir árin 2023-2027 og þakkar öllum þeim sem þar lögðu hönd á plóg. Stefnan er nú lögð fram að loknu athugasemdaferli. Að stefnunni standa Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Sveitarstjórn samþykkir Atvinnumálastefnu Uppsveita fyrir sitt leyti.

**18. Minnisblað frá Lögmannsstofu Ólafs Björnssonar varðandi gatnagerð í Högnastíg frá 26. maí 2023.**

Lagt fram minnisblað frá Lögmannstofu Ólafs Björnssonar varðandi endurkröfur á hendur Hrunamannahreppi vegna gatnagerðar við Högnastíg, Flúðum 2015.

*Sveitarstjórn samþykkir að ekki verði aðhafst frekar í málinu á þessu stigi.*

**19. Minnisblað frá sveitarstjóra Bláskógabyggðar varðandi byggðapróunarfulltrúa frá 23. maí 2023.**

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra Bláskógabyggðar varðandi byggðapróunarfulltrúa.

*Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til umfjöllunar í Atvinnu-, ferða- og menningarmálanefnd.*

**20. Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi nýtingu frístundastyrks frá 30. maí 2023.**

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra þar sem lagt er til að heimilt verði að nýta frístundastyrk sveitarfélagsins til tungumálanáms í viðurkenndum skólum eða námskeiðum hvort sem er á netinu eða með staðarnámi. Sérstaklega verði möguleikar til netnáms kynntir fyrir foreldrum og forráðamönnum barna af erlendu bergi brotin.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið.*

**21. Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi betri vinnutíma á Leikskólanum Undralandi frá 30. maí 2023.**

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra varðandi betri vinnutíma á leikskólanum Undralandi þar sem lagt er til að helmingur styttingarinnar verði tekinn út með lokun leikskólans kl. 14:00 á föstudögum í stað þess að í dag lokar leikskólinn kl. 15:00. Vinnutímastytting safnist að öðru leyti upp og verði tekin út með lokun leikskólans í kringum jól, áramót og páska. Auk samtals fjögurra frídaga vor og haust sem verði teknir á sama tíma og grunnskólinn tekur frí.

*Sveitarstjórn samþykkir skóladagatal leikskólans sem áður var lagt fram og þar með hefur sveitarstjórn samþykkt að stytting vinnutíma leikskólans verði í sem bestu samræmi við frídaga grunnskólans. Varðandi styttingu vinnutímans sem rætt hefur verið um á föstudögum er sveitarstjóra falið að ræða þær útfærslur betur við starfsmenn leikskólans eftir umræður sem sköpuðust á fundinum.*

**22. Boð á aðalfund Háskólafélags Suðurlands ehf. sem fram fer miðvikudaginn 7. júní.**

Lagt fram boð á aðalfund Háskólafélags Suðurlands ehf. sem fram fer miðvikudaginn 7. júní.

*Lagt fram til kynningar.*

**23. Ósk um samþykki sveitarstjórnar vegna akstursíþróttakeppni að Jaðri.**

Með erindinu óskar Mótorhjóla og snjósleðasambands Íslands MSÍ og Akstursíþróttafélags Hreppakappa eftir samþykki/leyfi sveitarfélags Hrunamannahrepps vegna keppnishalds í landi Jaðars II þann 10. júní næstkomandi.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið.*

**Skipan í nefndir og ráð**

**24. Breytingar á skipan nefnda og ráða Hrunamannahrepps.**

Daði Geir Samúelsson lagði fram eftirfarandi tillögu að breytingum á nefndaskipan L-listans:

Í Umhverfisnefnd verði Halldóra Hjörleifsdóttir, formaður í stað Brynju Sólveigar Pálsdóttur. Varamaður verði Mathias Bragi Ölvisson í stað Daða Geirs Samúelssonar.

Í Skólanefnd verði Alexandra Rós Jóhannesdóttir, aðalmaður í stað Halldóru Hjörleifsdóttur.

Í Veitustjórn verði Kolbrún Haraldsdóttir aðalmaður í stað Halldóru Hjörleifsdóttur. Varamaður verði Halldóra Hjörleifsdóttir í stað Kolbrúnar Haraldsdóttur.

Í Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd verði Rebeka Aradi varamaður í stað Brynju Sólveigar Pálsdóttur.

**Fjárhagsleg málefni:**

**25. Lánasamningur nr.2306\_30 við Lánasjóð sveitarfélaga.**

Lagður fram Lánasamningur nr.2306\_30 milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Hrunamannahrepps til að standa straum af kostnaði við fjárfestingar ársins sem eru helstar kaupin á Hrunamannavegi 3, framkvæmdir við þak Flúðaskóla, gatnagerð á Byggð á Bríkum.

*Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 260.000.000,- með lokagjalddaga þann 20. febrúar 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Sveitarstjórn samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum sveitarfélagsins og kaup á stjórnsýsluhúsi sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Aldísi Hafsteinsdóttur, sveitarstjóra Hrunamannahrepps, kt. 211264-5009 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrir máli og tilkynningar sem tengjast lántöku þessar þ.m.t. beiðni um útborgun láns.*

**Mál til kynningar:**

**a. Bergrisinn bs.: Fundargerð 55. stjórnarfundar frá 18. apríl sl.**

Lagt fram til kynningar.

**b. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 64. fundar stjórnar frá 16. maí sl.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:11.